



## FUNDARGERÐ 473. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 21. október 2022. Fundurinn er settur klukkan 07:35. Fundurinn er staðfundur að Gylfaflöt 5 og fjarfundur.

**Fundarstjóri:** Valdimar Víðisson formaður stjórnar.

**Fundarritari:** Gunnar Dofri Ólafsson.

**Mætt:** Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Guðfinnur Sigurvinsson, Orri Hlökkversson, Svana Helen Björnsdóttir og Valdimar Víðisson.

**Sækja fund með fjarfundarbúnaði:** -

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri og Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri sækja staðfund.

Gunnar Dofri Ólafsson samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri sækir fjarfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

### Tekið fyrir

#### 1. Áform um nýja endurvinnslustöð að Lambhagavegi og leiðir til fjármögnunar

Hjalti Brynjarsson, arkitekt hjá Arkþing og Karen Hulda Kristjánsdóttir, verkefnastjóri hjá endurvinnslustöðvunum SORPU taka sæti undir þessum lið.

Karen Hulda og Hjalti kynna starfsemi endurvinnslustöðvar SORPU og stöðu vinnu við undirbúning uppbyggingar stöðvar við Lambhagaveg.

Guðfinnur Sigurvinsson og Svana Helen Björnsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið klukkan 07:42.

Karen Hulda og Hjalti víkja af fundi klukkan 08:04.

Sigríður Katrín gerir grein fyrir stöðu fjármögnunar uppbyggingar nýrrar endurvinnslustöðvar við Lambhagaveg.

Kynningarnar ræddar í kjölfarið.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:

*„Stjórn SORPU samþykkir að fela framkvæmdastjóra að hefja undirbúning að útboðsferli vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar endurvinnslustöðvar við Lambhagaveg í samræmi við þá frumhönnun og kostnaðaráætlun sem kynnt var í rekstraráætlun SORPU fyrir árin 2023-2027. Stjórn ákveður að vísa málinu til staðfestingar hjá eigendavettvangi SORPU.“*



## **2. Erindi frá endurskoðunarnefnd vegna útboðs ytri endurskoðunarþjónustu**

Framkvæmdastjóri ber upp erindi frá endurskoðunarnefnd vegna útboðs ytri endurskoðunarþjónustu. Stjórn samþykkir fyrirhugað sameiginlegt útboð samkvæmt erindi endurskoðunarnefndar.

## **3. Hlunnindabifreiðar**

Fjármálastjóri kynnir stöðu hlunnindabifreiða hjá SORPU. Umræður um málið í kjölfarið.

## **4. Launakjör framkvæmdastjóra**

Stjórn SORPU bókar í trúnaðarbók vegna launakjara framkvæmdastjóra.

## **5. Önnur mál**

Framkvæmdastjóri leggur til að SORPA framlengi samning við PwC til eins árs um innri endurskoðun eins og heimilað er í samningnum.

Stjórn samþykkir tillöguna.

Svana Helen Björnsdóttir kallar eftir kynningu á þeim áhættugreiningum sem hafa verið gerðar innan SORPU. Í kjölfarið sköpuðumst umræður um sjálfsmat og siðareglur stjórnar SORPU.

## **6. Næsti fundur**

Næsti fundur er ákveðinn 25. nóvember klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 09:19.